

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 41/2003

frá 16. maí 2003

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2002 frá 6. desember 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/41/EB frá 17. maí 2002 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/1/EB um hámarks hraða sem er ákveðinn með hönnun, hámarkssnúningskraft og hámarksnettóvélarafl vélknúinna ökutækja á tveimur eða þremur hjólum ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/78/EB frá 1. október 2002 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 71/320/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um hemlabúnað á vissum tegundum vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/80/EB frá 3. október 2002 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 70/220/EBE varðandi ráðstafanir gegn loftmengun frá hreyflum ökutækja ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

I. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 3. lið (tilskipun ráðsins 70/220/EBE):

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 38, 13.2.2003, bls. 11 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 9, 13.2.2003, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 133, 18.5.2002, bls. 17.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 267, 4.10.2002, bls. 23.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 291, 28.10.2002, bls. 20.

- „- **32002 L 0080:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/80/EB frá 3. október 2002 (Stjtið. EB L 291, 28.10.2002, bls. 20).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 10. lið (tilskipun ráðsins 71/320/EBE):
- „- **32002 L 0078:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/78/EB frá 1. október 2002 (Stjtið. EB L 267, 4.10.2002, bls. 23).“
3. Eftirfarandi bætist við í lið 45s (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/1/EB):
- „, eins og henni var breytt með:
- **32002 L 0041:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/41/EB frá 17. maí 2002 (Stjtið. EB L 133, 18.5.2002, bls. 17).“

2. gr.

Texti tilskipana 2002/41/EB, 2002/78/EB og 2002/80/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 17. maí 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

Ritarar

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes

M. Brinkmann